

240. KIRKJURÁÐSFUNDUR

ÞRIÐJUDAGUR 17. NÓVEMBER 2015 KL 9:30

haldinn á Biskupsstofu

DAGSKRÁ

1. Fundarsetning og fundargerð síðasta fundar (undirrituð).
2. Njarðvíkursóknir.
3. Fasteignir.
 - a) Hagahólmi dómsmál.
 - b) Valþjófsstaður II landamerkjasmál.
 - c) Stórolfshvolskirkja – Úrskurðarnefnd.
4. Ástjarnarsókn, Geir Jónsson sóknarnefndarformaður kemur á fundinn ásamt einum öðrum úr sóknarnefnd kl 11:00.
5. Kirkjuþingi 2015. Magnús og formenn fastanefnda Kirkjuþings mæta kl. 14:00
 - a. Mál sem fara til Kirkjuráðs til afgreiðslu.
 - b. Samninganefndin – erindisbréf.
6. Fjármál.
 - a) Erindisbréf lögfræðinganefndar og spurningar til þeirra.
 - b) Innri endurskoðun og innra eftirlit ásamt verkferlum.
 - c) Fjármálastjóri og aðalbókari.
 - d) Ársreikningur Jöfnunarsjóðs til undirritunar.
7. Kynningarmál.
8. Önnur mál.

1. FUNDARSETNING OG FUNDARGERÐ SÍÐASTA FUNDAR

Fundurinn hófst á Biskupsstofu kl. 9:30. Mætt voru auk biskups Íslands, Agnesar M. Sigurðardóttur, kirkjuráðsmennirnir séra Elínborg Gísladóttir, séra Gísli Gunnarsson, Stefán Magnússon og Svana Helen Björnsdóttir.

Jafnframt sátu fundinn Ellisif Tinna Víðisdóttir, framkvæmdastjóri kirkjuráðs og Þorvaldur Víðisson, biskupsritari, sem ritaði fundargerð.

Séra Kjartan Jónsson, sóknarprestur Tjarnaprestakalls og fulltrúar sóknarnefndar Ástjarnarsóknar Geir Jónsson, formaður, Sigurður Erlingsson og Jóhann Jóhannsson sátu fundinn undir dagskrárlið 4.

Magnús E. Kristjánsson, forseti kirkjuþings, Steindór Haraldsson, formaður löggjafarnefndar kirkjuþings og Ragnheiður Ásta Magnúsdóttir, formaður allsherjarnefndar kirkjuþings sátu fundinn undir dagskrárlið 5. Séra Gísli Jónasson formaður fjárhagsnefndar kirkjuþings var fjarverandi.

Biskup setti fundinn með ritningarlestri og bæn.

Fundargerð 239. kirkjuráðsfundar var undirrituð.

2. NJARÐVÍKURSÓKNIR

Í tengslum við yfirferð ársreikninga sókna var Njarðvíkursókn og Ytri Njarðvíkursókn sent bréf 20. febrúar sl. þar sem óskað var eftir því að Biskupsstofu verði send fylgiskjöl ársreikninga áranna 2012 og 2013. Framkvæmdastjóri kynnti málið.

Kirkjuráð samþykkti að fela framkvæmdastjóra að skrifa sóknum Njarðvíkurprestakalls bréf þess efnis að kirkjuráð óski eftir nánari upplýsingum úr ársreikningnum sóknanna.

3. FASTEIGNIR

a. Hagahólmi dómsmál.

Héraðsdómur Vesturlands dæmdi þann 28. október sl. í máli nr. E-69/2014. Niðurstaða dómsins var stefnda í hag.

Kirkjuráð samþykkti að taka málið upp að nýju á næsta kirkjuráðsfundi.

b. Valþjófsstaður II landamerkmál.

Eftirtalin gögn lögð fram:

- Byggingabréf vegna Valþjófsstaðar II frá 2002, lagt fram ásamt skráningu landamerkmála frá Mannvit verkfræðistofu.

- Bréf frá framkvæmdastjóra Prestssetrasjóðs frá 21. nóvember 2006.
- Bréf frá Regula Lögmansstofu frá 17. mars 2009.
- Yfirlýsing um erfðaábúð frá 22. nóvember 2006.
- Bréf dóms- og kirkjumálaráðherra til Prestssetrasjóðs frá 19. nóvember 2008.
- Bréf landbúnaðarráðherra til fjármálaráðherra frá 31. ágúst 2007.
- Bréf landbúnaðarráðuneytisins til Héraðsdóms Reykjavíkur frá 31. ágúst 2007.
- Samkomulag íslenska ríkisins og Þjóðkirkjunnar frá 1. janúar 2007.
- Bréf Prestssetrasjóðs til Landbúnaðarráðuneytisins frá 7. október 2003.
- Bréf Ingólfs Friðrikssonar til Prestssetrasjóðs og Landbúnaðarráðuneytisins frá 6. desember 2006.
- Bréf Prestssetrasjóðs til KB banka 24. febrúar 2004.
- Leigusamningur Prestssetrasjóðs og Láru G. Oddsdóttur frá 27. janúar 2004.

Kirkjuráð samþykkti að fela framkvæmdastjóra ásamt kirkjuráðsmönnum Stefáni Magnússyni og séra Gísla Gunnarssyni að fara austur á Valþjófsstað og skoða málið ásamt heimamönnum.

c. Stórólshvolskirkja – Úrskurðarnefnd.

Framkvæmdastjóri kynnti stöðu málsins sem er til meðhöndlunar Úrskurðarnefndar.

4. ÁSTJARNARSÓKN

Fulltrúar Ástjarnarsóknar kynntu áætlanir um uppbyggingu húsnæðis safnaðarins og stöðu byggingaframkvæmda, en fyrsta skóflustunga safnaðarheimilis var tekin sunnudaginn 15. nóvember sl.

5. KIRKJUÞING 2015

a. Mál sem fara til Kirkjuráðs til afgreiðslu.

1. mál, skýrsla kirkjuráðs.

Kirkjuþing ályktaði að framvegis skuli fylgja rökstuðningur við skipan fólks í nefndir á vegum kirkjuráðs.

Kirkjuráð samþykkti að þess verði gætt framvegis.

Kirkjuþing ályktaði um mikilvægi þess að ráðinn verði fjölmiðla- og upplýsingafulltrúi Þjóðkirkjunnar sem fyrst enda er brýnt að efla kynningar- og upplýsingamál Þjóðkirkjunnar. Kirkjuráði er mikilvægi málsins ljóst og vísar til 7. dagskrárliðar þessa fundar.

Kirkjuþing hvetur til þess að hugmyndir starfshóps um nýliðun innan Þjóðkirkjunnar verði teknar til greina.

Kirkjuráð mun vinna með hugmyndir starfshópsins og taka málið til skoðunar við afgreiðslu fjárhagsáætlunar ársins 2016.

Kirkjuþing ályktaði að tímasetning kirkjuþings skuli ekki stangast á við landsmót æskulýðsfélaga þjóðkirkjunnar.

Kirkjuráð mun í samstarfi við forsætisnefnd gæta þess framvegis.

Kirkjuþing ályktaði, í samræmi við þingsályktanir kirkjuþings unga fólksins, að áfram verði unnið að fræðslu meðal leiðtoga í æskulýðsstörfum, unnið verði að umhverfisstefnu þjóðkirkjunnar og hún kynnt í söfnuðum landsins og mótuð verði rafræn samskipti og siðareglur í tengslum við þau fyrir æskulýðsleiðtoga og annað starfsfólk þjóðkirkjunnar. Kirkjuráð mun taka mið af þessu í störfum sínum.

2. mál, skýrsla um fjármál.

Kirkjuþing ályktaði að beina því til kirkjuráðs að skipað verði sem fyrst í fjármálahóp kirkjuráðs sbr. 12. gr. núgildandi starfsreglna um kirkjuráð nr. 817/2000 þar sem fram kemur að kirkjuráð geti skipað starfshópa sér til ráðgjafar og aðstoðar við stefnumótun og að sinna tilteknum verkefnum.

Kirkjuráð samþykkti að skipa í starfshópana á næsta fundi sínum.

3. , 9. og 18. mál fjalla öll um breytingar á lögum um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar.

Málin þrjú eru til umfjöllunar löggjafarnefndar kirkjuþings og bíða síðari umræðu kirkjuþings 2015.

5.mál, starfsreglur um breytingu á starfsreglum um prestssetur og aðrar fasteignir kirkjunnar.

Kirkjuþing ályktaði að kirkjuráði verði falið að skipa þriggja manna starfshóp sem skoði málið í tengslum við stefnumörkun þjóðkirkjunnar um eignir og eignastýringu. Starfshópurinn hafi til hliðsjónar þær skýrslur sem unnar hafa verið um eignir þjóðkirkjunnar undanfarin ár.

Kirkjuráð samþykkti að skipa nefndina á næsta fundi sínum.

7. mál, endurskoðun starfsreglna um kjör til kirkjuþings nr. 301/2013.

Kirkjuþing samþykkti að nefnd sem skipuð var á kirkjuþingi 2014 um endurskoðun starfsreglna um kjör til kirkjuþings vinni að málinu áfram og skili tillögum sínum fyrir kirkjuþing 2016.

8.mál, er varðar starfsþjálfun prestsefna.

Kirkjuþing ályktaði að fela kirkjuráði að taka til endurskoðunar nógildandi starfsreglur um þjálfun prestsefna frá 2002 með það í huga að leita leiða til að styrkja hana þannig að hún standist samanburð við starfsþjálfun prestsefna á hinum Norðurlöndunum.

Kirkjuráð samþykkti að taka starfsreglurnar til endurskoðunar.

10.mál, er varðar kosningu biskups Íslands og vígslubiskupa.

Málið er til umfjöllunar hjá löggjafarnefnd kirkjuþings og bíður síðari umræðu kirkjuþings 2015.

11.-12.mál, er varðar tillögu að starfsreglum um val og veitingu prestsembættu.

Kirkjuþing samþykkti nýjar starfsreglur um val og veitingu prestsembættu. Athugasemdir hafa borist frá innanríkisráðuneytinu um að nauðsynlegt sé að gera lagfæringar á þeim starfsreglum sem samþykktar voru á kirkjuþingi.

Kirkjuráð samþykkti að lagfæra textann til samræmist við ábendingar ráðuneytisins.

14.mál, er varðar þingsályktun um fræðslumál.

Kirkjuþing ályktaði að ekki væri þörf á að gera könnun á stöðu kristinfræðikennslu í skólum, enda er hún bæði kostnaðarsöm, tímafrek og niðurstaða hennar ekki til þess fallin að ná fram breytingum. Lögð verði rík áhersla á framkvæmd fræðslunnar fremur en könnun.

Kirkjuráð samþykkti að taka málið til umfjöllunar við gerð fjárhagsætlunar 2016 og fá upplýsingar frá þjónustusviði hvaða verkefni eru á dagskránni á næsta ári.

15. mál, er varðar tillögu til þingsályktunar um presta sem vígslumenn.

Kirkjuþing ályktaði að prestum þjóðkirkjunnar sé ekki heimilt að synja tveimur einstaklingum um hjónavígslu á grunvelli kynhneigðar. Kirkjuþing tók undir með biskupi sem tók af öll tvímæli um að biskup muni ekki gera tillögu til ráðherra um sérstakar reglur sem heimila prestum að synja fólki um hjónavígslu á grundvelli kynhneigðar.

16. mál, er varðar ályktun við skýrslu þjóðmálanefndar.

Kirkjuþing 2015 lýsti yfir ánægju sinni með málþingið „Hver er þá náungi minn?“ sem þjóðmálanefnd stóð fyrir í Norræna húsinu, 22. október sl.

17. mál, er varðar skipun viðræðuhóps við ríkisvaldið um fjárhagsleg samskipti íslenska ríkisins og hinnar íslensku þjóðkirkju.

Kirkjuþing kaus þrjá fulltrúa í viðræðuhóp og beindi því til kirkjuráðs að láta nefndinni í té nauðsynlega aðstöðu og fjármuni.

Kirkjuráð mun tryggja viðræðuhópnum aðstöðu og fjárveitingu.

b. Samninganefndin – erindisbréf.

Kirkjuráð samþykkti að fela framkvæmdastjóra að upplýsa innanríkisráðherra um hverjir eru í viðræðuhópi kirkjunnar við ríkisvaldið um fjárhagsleg samskipti íslenska ríkisins og hinnar íslensku þjóðkirkju. Kirkjuráð samþykkti að fela framkvæmdastjóra að skrifa nefndarmönnum skipunarbréf í viðræðuhópinn og erindisbréf því tengt.

6. FJÁRMÁL

a. Erindisbréf lögfræðinganefndar og spurningar til þeirra.

Kirkjuráð samþykkti á fyrri fundi sínum að skipa þriggja manna nefnd til að skýra verksvið biskups og kirkjuráðs.

Kirkjuráð samþykkti að fela framkvæmdastjóra að taka saman þær spurningar sem fram hafa komið og setja nefndinni erindisbréf.

b. Innri endurskoðun og innra eftirlit ásamt verkferlum.

Kirkjuráð samþykkti að fela framkvæmdastjóra að leita tilboða í aðkeypta innri endurskoðun.

c. Fjármálastjóri og aðalbókari.

Fyrirhugað er að ráða fjármálastjóra til starfa um áramótin.

Framkvæmdastjóri kynnti stöðu mála.

d. Ársreikningur Jöfnunarsjóðs, til undirritunar.

Kirkjuráð undirritaði ársreikning Jöfnunarsjóðs sókna 2014.

7. KYNNINGARMÁL

Biskup og framkvæmdastjóri kirkjuráðs kynntu það sem gert hefur verið í kynningarmálum, frá síðasta fundi.

Kirkjuráð samþykkti að gerður væri listi yfir talsmenn þjóðkirkjunnar í hinum ýmsu málaflokkum. Rætt um mikilvægi þess að kirkjan hafi frumkvæði að umræðu í samfélaginu um kirkju og samfélagsmál.

8. ÖNNUR MÁL

a. Launanefnd þjóðkirkjunnar.

Launanefnd þjóðkirkjunnar hefur fundað í kjölfar nýrra kjarasamninga á vinnumarkaði.

Kirkjuráð áætlaði 100 þ.kr. til nefndarstarfanna vegna yfirstandandi árs, en þörf er á aukinni fjárveitingu.

Kirkjuráð mun taka málið upp á fundi sínum í desember.

b. Lágafellsprestakall

Biskup greindi frá því að prestur og sóknarprestur Lágafellsprestakalls verði í leyfi í tvo mánuði, til áramóta, og hafa tveir prestar verið settir til afleysingarþjónustu á tímabilinu.

c. Laufásprestakall, lóðarleigusamningur

Lóðaleigusamningur frá 28. febrúar 2014 lagður fram til kynningar ásamt yfirlitsmyndum frá jörðinni Laufáss og upplýsingum úr Þjóðskrá.

Um er að ræða leigu á spildu úr landi prestssetursjarðarinnar Laufáss fyrir tækjahús og mastur til fjarskiptareksturs, ásamt nauðsynlegum umferðarrétti og rekstraraðstöðu. Beiðni liggur fyrir um að fá að færa mastrið innan jarðarinnar.

Kirkjuráð er jákvætt fyrir því að skoða þennan möguleika og óska eftir upplýsingum um aðra kosti.

Fundargerð yfirfarin og samþykkt. Fleira ekki gert og fundi slitið 17:50.

Næsti fundur kirkjuráðs verður haldinn á Biskupsstofu þriðjudaginn 8. desember nk.

Agnes M. Sigurðardóttir,
biskup Íslands.

Þorvaldur Víðisson,
ritari.

Séra Elínborg Gísladóttir.

Séra Gísli Jónasson.

Stefán Magnússon.

Svana Helen Björnsdóttir.